



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið




Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Því það á að vera...

Gott að eldast


Heildarendurskoðun
á þjónustu við eldra fólk

Það á að vera gott að eldast á Íslandi



Fólk á að geta látið sig hlakka til
efri árána. Síðustu áratugir ævinnar
eiga að vera meðal þeirra bestu.

Til þess að svo geti orðið þarf að
flétta saman ólíka þætti í sterka
taug sem tengir okkur öll saman.



Aðgerða- áætlun

Aðgerðaáætlun byggir á fimm stoðum.

Meginþungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum þar sem sambætting, nýsköpun og prófanir munu nýtast til ákvarðanatöku um framtíðarskipulag þjónustu við eldra fólk.

Þar að auki verður ráðist í aðgerðir sem hverfast um sveigjanleika í þjónustu, heilbrigða öldrun með alhliða heilsuefningu, og betri aðgang að ráðgjöf og upplýsingum.

15. desember 2022

Opið samráð hefst, tillaga sett í samráðsgátt stjórnvalda

Tímalína 2022–2027

2023 (VOR)

Aðgerðaáætlun til fjögurra ára lögð fram á Alþingi

2023 (HAUST)

Fyrstu þróunarverkefni hefjast

2024

Innleiðing og framkvæmd aðgerðaáætlunar

2025 (LOK ÁRS)

Fyrstu niðurstöður þróunarverkefna liggja fyrir

2026 (LOK ÁRS)

Stöðumat á öllum aðgerðum

2027

Skýr framtíðarsýn liggur fyrir

Þjónustukeðja

Hjúkrunar-
heimili

Sérhæfðari
heimaþjónusta
og endurhæfing

Dagþjónusta
fyrir þau sem
búa heima

Heimaþjónusta
Félags- og
heilbrigðisþjónusta,
heilsugæsla

Þjónusta sveitarfélaga
til að hámarka virkni
Félagsstarf, heimsendur
matur, akstursþjónusta

Ég vil vinna að breytingum á samfélaginu sem auka möguleika fólks á öllum aldri til að vera virk í leik og starfi, og þar sem öll hafa tækifæri til að taka þátt.

Gott að eldast er samfélagslegt umbóta-
verkefni sem á að efla þjónustu við eldra
fólk og auka samvinnu og samþættingu
milli heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu.

Gott að eldast á að fjölga möguleikum til aukinnar virkni
og bættrar lýðheilsu og gera fólki kleift að búa lengur
heima hjá sér.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
félags- og vinnumarkaðsráðherra

Forvarnir, heilsuefling og endurhæfing spila stórt
hlutverk í heilbrigðri öldrun þjóðarinnar til framtíðar. Það
er fátt verðmætara samfélaginu en að viðhalda færni
og virkni einstaklingsins. **Gott að eldast** er því verkefni
þjóðarinnar. Einstaklingurinn er þungamiðjan sem
verkefnið og velferðarkerfið snýst um.

Einstaklingurinn á að hafa aðgang að fjöl-
breyttri en samþættri þjónustu. Hvort sem
það er heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta eða
önnur stuðningsþjónusta. Heima eða í öðrum
búsetuúrræðum.

Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar kallar á aðlögunar-
hæfni samfélagsins. Aukins samtals, samvinnu og
lausnamiðaðrar nálgunar. Líf okkar er jafnverðmætt
á öllum lífsskeiðum.

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra

